



FRÉTTABRÉF KAYAKKLÚBBSINS 2008



- TÖFLURNAR VIRKUÐU EKKI Á ÓSKAR JÓNASSON
 - TÍSKUKÓNGAR Á GRÆNLENSKUM KAYÖKUM
 - RÉTTA LEIÐIN TIL AÐ BYRJA Á STRAUMKAYAK
 - FÉLAGSHEIMILI – HVENÆR KEMUR ÞÚ?
 - DROPPAÐ OG SLÆDAÐ Á SJOA HÁTÍÐINNI

The night of December 5th, is just like any other night
in Flateyri. It's just a little colder and a little darker.

And it lasts for 56 days.





ágætu félagar

Það er greinilegt að margir ræðarar hugsa sér til hreyfings með vorinu, það fjölgar á síðustu sundlaugæfingum klúbbsins, fleiri mæta í félagsröðra frá Geldinganesi (sem þó falla aldrei niður, sama hvernig viðrar), lifnar yfir róðrum í Nauthólsvík og straumkayakmenn taka fram sínar græjur og dusta af þeim rykið eftir veturinn. Dagskrá á vegum klúbbsins er hin veglegasta eins og venjulega, enda eru þær ferðir og keppnir sem þar eru tíundaðar einn af hornsteinum félagsstarfsins. Dagskrá sumarsins er að finna á miðopnunni hér aftar.

Undirritaður tekur nú við góðu búi Kayak-klúbbsins sem formaður sitt fyrsta ár. Það er undantekningalaus regla hjá formönnum hingað til að þeir eru annað hvort eitt ár í embætti eða tuttugu og fimm, annað virðist ekki koma til greina ... - og ekki má brjóta hefðina.

Í klúbbum er allt á uppleið eins og mörg undanfarin ár, það fjölgar í félagsskapnum ár frá ári og reglulega þurfum við að fjölga geymslu-plássum fyrir báta, en þau fyllast yfirleitt jafnóðum og þau bjóðast. Reynt er að gera eins gott úr aðstöðumálum og aðstæður bjóða upp á og töluverðar framkvæmdir eru fyrirhugaðar

í Geldinganesinu nú í vor. Steini, formaður klúbbsins til aldrafjórðungs þar til fyrir tveimur árum, skrifar ágætis pistil um þá erfiðu stöðu sem aðstöðumálin eru í hér í blaðinu. Það hefur orðið fjölgun á heimsóknnum heims-klassa ræðara til landsins undanfarin sumur og nú líður varla það sumar að ekki sé gerð tilraun til að róa kringum Ísland. Sumarið í sumar er ekki undantekning að þessu leyti og það verður fróðlegt að fylgjast með Bandaríkjamanni sem stefnir á að verða fyrsti karlmaðurinn til að róa kayak einsamall kringum landið nú í júní. Kvenmenn hafa klárlega yfirhöndina í því þrekvirki sem það er að róa kringum landið, enda fara ekki margir karlmenn í áralúffurnar þeirra Hadas og Freyu.

Vonandi verður þetta ágæta fréttabréf til að æsa upp róðraþorstann í mannskapnum, nóg er hér af finu efni til aflestrar og ef þú ert ekki búin(n) að bleyta bátinn þinn nú í vor er ekki seinna vænna að drífa sig á sjó eða í straum, helst núna strax og ekki seinna en í næstu ferð klúbbsins.

Palli Gests



- | | |
|----|---|
| 06 | Loritín og koffínátín á Hornströndum
Óskar Jónasson |
| 10 | Að bjarga sér og öðrum
Örlygur Steinn Sigurjónsson |
| 12 | Hrikalegar öldur á Sjoa 2007
Jói og Tinna |
| 17 | Stóra-Laxá
Jón Skírnir |
| 20 | Egill Rauði á Austfjörðum
Rúnar Pálmason |
| 22 | Nýliðastarf í straumnum
Jón Skírnir |
| 24 | Dagskrá klúbbsins 2008 |
| 26 | Svefnpokalaus við Langasjó
Sævar Helgason |
| 30 | Grænlenk kayaktíska slær í gegn
Rúnar Pálmason |
| 33 | Örlagagámarnir
Þorsteinn Guðmundsson |



Guðmundur Breiðdal tekur Q bátinn til kostanna

Nýir bátar Qajariaq frá Valley

Breski bátaframleiðandinn Valley frá Nottingham kynnti nýjan bát til sögunnar árið 2005, sem byggður var á hinum vinsæla Anas Acuta (latína: grafönd) en sú tegund var frumburður Valley sem leit dagsins ljós um 1970 og hefur verið framleiddur æ síðan. Í árána rás bættust svo fleiri systkyni við í Valley fjölskyldunni, Nordkappinn, Avocetinn og áfram mætti telja. En yngsta systkinið er sá bátur sem hér er til umfjöllunar og í tilefni þess að fyrsti slíki bátur kom til landsins í fyrra, þá er ekki úr vegi að eyða nokkrum orðum í hann, ræðurum til fróðleiks. Báturinn nefnist Qajariaq og merkir á grænlensku: “Eins og kayak”. Sjálfur segjast þeir hjá Valley hafa viljað svara kröfum um “stærri” Acutu, en þess má hér geta að hún er 520x52 cm og telst því ekki beinlínis stór bátur. Mikill valti (e. Rocker) er á bátnum sem gerir það að verkum að hann hefur þótt feykilega skemmtilegur í brimi og úfnum sjó, en hraðskreiður er hann alls ekki. Með Qajariaqnum átti hins vegar að bæta úr þessu og er hér kominn hraðskreiður og fullvaxta leiðangursbátur með 330 lítra farangursrými. Breiddin er 54 cm og lengdin 548 cm.

Árið 2007 kom fyrsti Qajariaqinn til Íslands er undirritaður festi kaup á honum. Að sjálfsögðu hafði ég aldrei reynsluekið gripnum, en það er bara skemmtilegra. Þegar þessi orð eru skrifuð, 14. febrúar 2008 eru alls þrír bátar af þessari gerð komnir til landsins og vænta má að þeim fjölgi enn frekar. Nóg um það. Vindum okkur í vægðarlausa og gagnrýna umfjöllun um bátinn.

Qajariaq er með hvössu stefni og skörpum köntum sem ljær honum nokkuð góðan fyrri stöðugleika. Lítil valti er á bátnum framanverðum sem gerir það að verkum að hann svarar ekki svo auðveldlega árástýringu á stefni (Bow rudder) en á hinn bóginn er valtinn gífurlega mikill aftan mannops sem býður upp á mjög snara snúninga ef árástýringu er beitt á skut (Stern rudder). Helstu kostir bátsins er lipurðin og hraði - ekki síst í mótvindi. Stefnislagið virkar geysilega vel í mótvindi með því að báturinn nánast límir sig niður á hafflötinn og er blessunarlega

laus við skelli fram af öldutoppum sem verður leiðigjarnt til lengdar. Stefnufestan í hliðarvindi telst hins vegar ekki sú besta sem í boði er og verður að grípa fyrir til skeggsins en á þeim helstu bátum sem eru notaðir hér við strendur. Lensgæði eru þá hin ágætustu.

Þægilegt er að taka veltur á bátnum og afturdekkið er áberandi lágt svo menn geti æft hefðbundnar grænlenksar kúnstir, en þess ber að geta að báturinn er flokkaður með klassískum kay-ökum.

Stöðugleiki bátsins er nokkuð sérstakur miðað við ávala báta sem hafa ekki eins mikinn fyrri stöðugleika og Qajariaq en á móti kemur að seinni stöðugleikinn býður ekki upp á mjög djarfar hliðarlegur (edging). Þetta olli mér vonbrigðum í fyrstu en síðar áttaði ég mig á hvað hérna lá að baki, nefnilega lipurleiki bátsins sem krefst þess einfaldlega ekki að bátinn þurfi að leggja mjög djarft á hliðina til að beygja honum.

Um mannopið er það að segja að það er ekki hannað með það í huga að skorða læri og hné eins og best verður á kosið fyrir mestu læti í úfnum sjó. Þetta var þó auðvelt að laga með því að líma fáeina svampa á rétta staði til að aðlaga bátinn að leggjalögun eigandans og hann var tilbúinn í orrustu.

Fáa báta hef ég reynt sem eru eins öflugir í úfnum sjó og Q-bátinn og jafnframt er leitun á jafnrennilegum báti.

Að mínu mati hentar Qajariaq meðalvönnum upp í vana ræðara en með þessu er ekki sagt að hann sé of erfiður fyrir byrjendur á sléttum sjó í fylgd með vönnum.

Eins og skilja má, hefur báturinn ekki verið notaður í keppnum hérlandis enda nýkominn til landsins en sumarið 2008 mun gefa ákveðna vísbendingu um hvar hann stendur meðal annarra veðhlaupahesta sem jafnan er beitt á akur hinna áköfu sæhesta. Í lokin má ímynda sér að hann gæti verið í hraðaflokki á lengri leiðum með bátum á borð við Seawolf eða Greenlander Pro.

Loritín og koffínátín á Hornströndum

Ég hef verið bílveikur, flugveikur og sjóveikur frá því að ég man eftir mér.

En það er svo furðulegt að ef ég til dæmis keyri sjálfur - þá finn ég ekki fyrir þessu.

Og það sama er á sjó, ef ég er í kayak og stjórna bátnum sjálfur, þá er ég góður.

Nema bara í þessari ferð.



Skari prófar broskrókana sem voru til taks ef einhver datt úr góða skapinu

Þegar við fórum Hornstrandir austanverðar árið 2002 þá gekk okkur allt í hagin. Við rérum frá Djúpuvík og enduðum í Hornvík 5 dögum síðar. Í sigurvímunni var ákveðið að við skyldum fara hinn helminginn – Hornstrandir vestanverðar, við fyrsta tækifæri. Það tækifæri bauðst ári síðar. Eftir vandlega skipulagningu og mikla yfirlegu var ákveðið að við skyldum leggja upp frá Hesteyri þann 27. júlí. Við fengum far yfir Djúpið með Tryggva Guðmundssyni, syni Gvendar Para úr Þaralátursfirði, þannig að Gunní Pári yngri fékk að koma með okkur.

Í þessari siglingu fór að örla á því sem átti eftir að verða mitt aðalviðfangsefni í þessari ferð, en það var sjóveikin. Ég hef verið bílveikur, flugveikur og sjóveikur frá því að ég man eftir mér. En það er svo furðulegt að ef ég til dæmis keyri sjálfur – þá finn ég ekki fyrir þessu. Og það sama er á sjó, ef ég er í kayak og stjórna bátnum sjálfur, þá er ég góður. Nema bara í þessari ferð. Ég veit ekki hvað olli því, ég hef sjálf sagt verið eitthvað illa fyrirkallaður, illa sofinn, upptjúnaður, eða guð má vita hvað.

Á Hesteyri tjaldaði hópurinn, nema ég náttúrulega. Ég sef alltaf úti. Sem er oftast frábært, stundum minna frábært – og stundum hreint út sagt ömurlegt. Þetta veltur vitaskuld á veðri. Í svona ferð fær maður öll veður í bókinni; smá bongóblíðu, talsvert af roki, mikla rigningu, jafnvel snjókomu, en sjaldan allt saman í einu, en það

kemur fyrir. Oftast þarf maður í svona ferð að halda kyrru fyrir í að minnsta kosti sólarhring á afskekktu nesi eða í skjóllítili vík. Þá er ekki gott að sofa úti. Þá neyðist maður stundum til þess að skríða inn í tjald, þar sem maður veit að það er laust pláss. Og einhverra hluta vegna er það alltaf hjá formanninum, Pétri Gíslasyni. Pétur þarf nefnilega venjulega að tjalda spottakorn frá öllum hinum tjöldunum. Það er til þess að aðrir fái svefnfrið. Því þegar Pétur sefur, þá sofa fáir aðrir nærstaddir. Þannig að útilegumaðurinn á kvölinu, sem og völinu; er það stormurinn eða sögunarmyllan?


En þetta er nú algjör útúrdúr, því að Pétur kom ekki einu sinni með í ferðina sem um ræðir.

Á Hesteyri uppgötvaði ég að ég hafði verið svo forsjáll að taka með mér sjóveikipillur. Þær gera oft heilmikið gagn, því að þegar maður er byrjaður að verða sjóveikur, þá getur ógleðin tekið heillangan tíma að rjátlást af manni.

Eftir svefnlítla nótt, sökum veðurs – og Pétursleysis, var lagt upp frá Hesteyri og stefnan tekin fyrir Ritur. Ég passaði mig á því að taka pillu um það bil hálf tíma áður en lagt var af stað. Ég hefði notið ferðarinnar mun betur ef blessuð sjóveikipillan hefði virkað. Við rérum undir Grænuhlíð. Við gátum virt fyrir okkur ótal skipsflök sem hafa rekið þarna upp í fjöruna, því þetta er einn af mannskæðustu stöðum á Íslandi.

Kaffi spilar mjög stóra rollu í svona ferðum. Allar tímasetningar snúast um kaffi. Þetta nálgast þráhyggju, minnir á ofsatrú. Menn eru með samanskrúfaðar espresso-könnur og mjög sérvískulegar kaffitegundir. Það ríkir spennuþrungin þögn á meðan suðan er að koma upp. Pétur formaður heldur því meira að segja fram að maður verði að horfa á kaffið, eftir að suðan er komin upp. Að það megi alls ekki fá sér, fyrr en kaffið er búið að jafna sig aðeins.

róið undir Grænuhlíð



Það getur verið hægara sagt en gert að róa fyrir nes eins og Ritur. Það er æskilegt að gera það á liggjandanum, þegar annaðhvort er háflóð, eða lágfjara. Það þarf heilmikla útsjónarsemi og innsæi til að hitta á þessháttar kjöraðstæður, sem við greinilega höfðum ekki. Þannig að við velktumst þarna eins og korktappar á öldutoppunum, sem komu úr öllum áttum. Straumur og vindátt börðust hatrammri baráttu og við vorum fórnarlömbin. Við illan leik hrökkluðumst við inn á Aðalvík. Þar er blómleg byggð, miðað við aðra staði á þessum slóðum, að minnsta kosti fimm til tíu hús. Og kirkja. Hún stendur talsvert ofar í landinu, djúpt sokkin í gróður á þessum árstíma.

Gunni Þari og nafni hans Gunni Múr voru óþreytandi að leggja út net á svona stöðum, ég hafði unun af því að hlusta á þá bollaleggja um veiðiaðferðir, áhrif veðurfars á fiskinn, að horfa á þá vaða út í sjó og leggja út netin eftir kúnstar-innar reglum. En aldrei varð ég var við að þeir veiddu neitt. Ég er ekki viss um að það hafi verið tilgangsurinn, heldur athöfnin sjálf, öll seremónían í kringum þetta.

Reri ekki heill til sjávar

Eftir aðra jafngagnslausa sjóveikipillu komum við í Látur, þar sem Gunni Múr var farinn að bera sig aumlega. Hann hafði skorið sig í baugfingur vinstri handar á bárujárnsplötu í Reykjavík, nokkrum dögum áður. Fingurinn var orðinn bólgin og hann átti orðið erfitt með róður. Það fór þannig að hann heltist úr lestinni morguninn eftir og þáði far með bát sem var að fara til Ísafjarðar. Þar lagðist hann inn á spítala og var þar í viku. Batinn lét á sér standa, honum leist ekki á meðferðina og fékk sig fluttan suður. Þar var hann settur á morfínkúr, fékk penisillín beint í æð og var spítalamatur næstu mánuðina. Eftir því sem ég kemst næst er hann ekki ennþá búinn

að jafna sig almennilega. Það hafði komist flís af galvaniseruðu blikki í liðinn og því fylgdi einhverskonar drep, með þessum afleiðingum. Þarna við Látur liggur vegslóði upp á Straumnesfjall. Ég var himinlifandi feginn þegar við ákváðum að ganga á fjallið, eftir þessum vegi. Ég þurfti að jafna mig eftir þráláta sjóveikina, ég hef aldrei lent í öðru eins. Við gengum í þoku alla leiðina, þangað til við nálguðumst hernaðarmannvirkin á vesturbrún fjallsins, þá sópaðist þokan í burtu í nokkrar mínútur. Það var nóg til þess að við náðum að virða fyrir okkur þessar furðulegu vistarverur á einum af ólíkindalegastu stöðum á plánetunni. Að einhverjum skuli hafa dottið í hug að senda óharðnaða sveitastráka frá Ohio og Arkansas á svona stað, er merki um takmarkalaust hugmyndaflug, eða hvað á að kalla það.

Straumnes heitir Straumnes út af ástæðu. Ritur er bara forsmekkurinn, það er barnaleikur. Ekki tókst okkur að reikna út sjávarföllin af neinu viti, frekar en fyrri daginn, þannig að sjóveiki sæfarinn var grænn og gulur í ölduróti sem á engan sinn líka. Þetta er kannski eitthvað í líkingu við að vera í rodeo, nema það er engin lausn að fleygja sér af. Undirlagið lætur alveg jafn illa og reiðskjótinn.

Kaffið

Kaffi spilar mjög stóra rullu í svona ferðum. Allar tímasetningar snúast um kaffi. Þetta nálgast þráhyggju, minnir á ofsatrú. Menn eru með samanskúrfaðar espresso-könnur og mjög sérvískulegar kaffitegundir. Það ríkir spennuþrungin þögn á meðan suðan er að koma upp. Pétur formaður heldur því meira að segja fram að maður verði að horfa á kaffið, eftir að suðan er komin upp. Að það megi alls ekki fá sér, fyrr en kaffið er búið að jafna sig aðeins. Hann fer



Palli, Gunni Múr, Skari, Dagrún, Gunni Þari, Úlfhildur, Ásthildur og Sveinbjörn



Rebbi var rólegur undir Grænuhlíð

yfirleitt flatt á þessu, því að mönnum tekst að læðast í könnuna, þegar hann lítur undan.

Við fengum okkur kaffi í lítilli vík, Kirfi, sem er undir himinháum kletti. Starandi á kaffikönnuna gerðum við okkur grein fyrir því að okkur hafði mistekist ætlunarverk okkar. Við mundum ekki ná í Hornvík á tilsettum tíma. Við yrðum að hringja í Tryggva og biðja hann um að sækja okkur í Hlíðuvík. Hvilík niðurlægning! Við náðum ekki að „klára“ Hornstrandirnar. Sem við sátum þarna og veltum þessu fyrir okkur, fórum við að taka eftir einhverskonar dældum í sandinum allt í kring. Þetta voru misdjúpir sandbollar með upp-hleyptum köntum. Þetta var út um alla fjöruna. Sumir bollarnir voru mjög stórir, kannski þrír til fjórir metrar í þvermál. Þetta minnti einna helst á gíga á tunglinu. Útskýringin kom fljótlega, hvinur í loftinu og þungur dynkur skammt frá. Auðvitað voru þetta steinar að hrapa úr bjarginu. Ég hef aldrei áður orðið vitni að eins fljótlegri sjósetningu á neinum kayakhóp.

Og menningin læðist aftan að manni

Í Hlíðuvík tók við þetta dapurlega ferli, þegar maður fer yfir farangurinn, þurrkar fötin og reynir að klára matinn – sumir fara að klíka á farsímann sinn. Ferðin er að klárast og „menningin“ læðist aftan að manni. Neðst í sjópokanum mínum fann ég það sem mér sýndist vera spjald með Lóritíni, heymæðitöflunum mínum. Ég hafði ekkert þurft á þeim að halda í þessari ferð. Venjulega hnerra ég eins og vitleysingur á svona stað, þá nægir að taka eina svona heymæðipillu og hnerrakastið líður hjá. Nema hvað þetta var ekki Lóritín. Þetta var Koffínátín. Þetta var ósnert spjald með sjóveikipillum! Hvað var ég þá búinn að vera að éta? Ég rótaði í sjópokanum og fann heymæðipilluspjaldið - nærri búið. Þessi spjöld eru nákvæmlega eins, það er bara pínulítið letur aftan á þeim, sem er öðruvísi.

Enda var ég búinn að vera óvenju góður af heymæðinni í þessari ferð.




Úthafsaldan tók á móti okkur að norðan þegar beygt var fyrir Ritinn inn í Aðalvík



Nóg var af skótauinu við Staðarkirkju í Aðalvík



Langsoðnir puttar í Aðalvík



Sjósundsprettur hjá Skara á gullnu ströndinni



OG ÖÐRUM AÐ BJARGA SÉR

Sá sem stígur það skref að læra sjókayakróður, gerir sér ljóst, ef allt er með felldu, að snar þáttur í róðrinum er sá möguleiki að bátnum hvolfi, annaðhvort við strembnar aðstæður á sjó, eða mjög góðar. Það þarf ekki að endurspegla slyslegt tilvik eða óhapp að hvolfa bát. Í raun er slíkt ekkert annað en kunnátta - ekki slys. Kunnáttan felst að sjálf-sögðu í því að koma sér aftur á réttan kjöl, hvort heldur sem um ræðir að bjarga sér á veltu, eða koma sér upp í bátinn ef viðkomandi hefur losað sig úr honum og lendir á sundi.

Ef hann er einn á ferð eru til nokkrar aðferðir sem æfa má í laug nokkrum sinnum og prófa síðan á sléttum sjónum nálægt landi. Ég nefni hér tvær aðferðir, annars vegar það sem kallað hefur verið **kúrekainnstunga (cowboy entry)** og síðan **venjuleg innstunga (Re entry)** með árafloði. Fyrri aðferðin dugar ágætlega ef ekki er mikill farangur ofan á afturdekkinu og seinni aðferðin getur þá gagnast vel, þótt hún sé tafsamari og ögn erfiðari. Að lokum fjalla ég um hina **háklassísku félagabjörgun**, sem er í raun þarfasta björgunarúrræði kayakfólks, og sú langmest notaða. Þetta skýrist af þeirri venju og þeim sjálfsagða sið, að róa með félagi, einum eða fleiri.



kúrekainnstunga

Byrjum á Kúrekainnstungunni. Bát hefur hvolft og ræðarinn lendir á sundi. Hann er íklæddur galla sem ver hann fyrir ofkælingu í að minnsta kosti 10 mínútur. Hann gerir sér grein fyrir því að hann þarf að reiða sig á sjálfan sig og hefur æft sjálfsbjörgun bæði í laug og sjó. Hann gætir þess að árin sleppi ekki frá honum og syndir fram með bátnum fram á stefnið til að lyfta honum snögg upp og snúa honum á réttan kjöl. Með þessu móti á báturinn að tæmast að mestu og nú er komið að næsta skrefi. Ræðarinn fíkrar sig aftur með bátnum og gerir sig líklegan til að hífa sig upp á afturhlutann til að setjast klovvega á afturdekkið. Ef vindasamt er og öldugangur er mikilvægt að báturinn snúi upp í vindinn. Ræðarinn situr nú klovvega á bátnum og fíkrar sig rólega í átt að mannopinu uns hann er tilbúinn að láta sitjandann detta ofan í sætið en lætur fæturnar hanga með bátssiðunum. Um leið og hann smokrar fótunum ofan í mannopið er sjálfsagt að styðja sig með árastrokum út frá bátnum, festa svuntuna og koma sér á öruggan stað.

innstunga

Innstunga með árafloði krefst heldur ekki neins æsings. Við komum til sögu þegar ræðarinn er á sundi og nær í árafloði til að blása það upp og festa á annað árablaðið. Hinum enda árarinnar er stungið undir dekklinur aftan við mannopið svo árin myndar vinkilhorn við bátinn. Næst er að nálgast árina aftanfrá og hífa sig rólega upp á dekkið, rétt aftan við mannopið og leggja þá rist sem nær er árinni upp á árablaðið, nálægt áraflofinu. Hinum fætinum er síðan komið upp við hlið hins fyrri og um leið snýr ræðarinn sér á bringunni á bátsdekkinu þar til hann liggur á því og snýr höfði sínu aftur með bátnum. Næst er þeirri hendi sem nær er árinni rennt á skaftið og síðan bakkar ræðarinn sér ofan í mannopið, ennþá liggjandi á maganum. Þegar hann er nálega allur kominn ofan í mannopið snýr hann sér til að setjast á sitjandann en gætir þess ávallt að halla sér á árina.

Svuntan er síðan fest og árin dregin út og árafloðið losað. Síðan þarf að tæma bátinn, helst með notkun lensidælu sem er sjálfsagt öryggistæki.

félagabjörgun

Félagabjörgunin er svo samofin öllum sjóróðri að segja má hugtakið sé öllum tamt sem fara á sjó að loknu byrjendanámskeiði. Hvolfi ræðara er hans fyrsta og raunar eina hlutverk að synda fram á bátsstefnið og halda sér í það auk þess sem hann krækir fótum utan um bátsskrokkinn og bíður björgunar. Með því að halda fótum svona uppi á bátnum má tefja fyrir ofkælingu. Gæta verður þess að halda sér ekki í griphnúð bátsins vegna hættu á að krækja fingrum inn í þrönga lykkjuna og snúa þá af eða úr liði.

Sá sem kemur á vettvang þarf að tryggja að sundmaðurinn sé nokkurnvegin í andlegu jafnvægi og tilbúinn að taka við fyrir-mælum. Björgunarmaður rær upp að báti fórnarlambins og býður því að halda í björgunarbátinn á sama hátt og á tóma bátnum. Björgunarmaður réttir því næst fórnarlambinu báðar árarnar og dregur tóma bátinn á hvolfi yfir dekkið á björgunarbátum til að tæma hann af sjó og ýtir honum aftur niður á vatnsyfirborðið, á réttum kili. Hann snýr tóma bátnum þannig að stefni hans snýr aftur að skut björgunarbátsins og býður fórnarlambinu að synda meðfram tóma bátnum utanvert, haldandi sér í dekklinurnar. Því næst getur fórnarlambið byrjað að hífa sig upp í bátinn með því að krækja fyrst ökkla í innanvert mannopið um leið og það heldur í dekklinur björgunarbátsins sér til stuðnings. Með tiltölulega litlu átaki á fórnarlambið að geta híft sig upp á aftanvert bátsdekkið uns það liggur maganum og snýr höfði aftur með skutnum. Á meðan hefur björgunarmaður haldið tryggilega utan um tóma bátinn. Fórnarlambið getur því næst byrjað að snúa sér á bakið og smokrað sér ofan í mannopið og fest svuntu sína. Björgunarmaður sleppir ekki takinu á tóma bátnum fyrr en fórnarlambið hefur fest svuntuna og staðfest að allt sé í (bærilegu) lagi þrátt fyrir volkið.

Reynsla mín af þessu er sú að fórnarlömbunum þar með talið mér sjálfum þegar ég hef verið í því hlutverki, er vanalega ískalt á höfðinu þegar upp í bát er komið. Þess vegna hefur komið sér feykilega vel að vera alltaf með þurra húfu tiltæka í vatnsheldum poka og bjóða fórnarlambinu ef það er ekki sjálft með slíkt þarfaþing. Að lokinni björgun getur björgunarmaður ætlast til að fórnarlambið dragi upp kaffibrúsa í næsta róðrarhlé og helst eitthvað gott með kaffinu. Regla nr. eitt er að björgunarmaður þarf ekki að sjá um kaffið að lokinni velheppnaðri björgun. Að minnsta kosti er það mín reynsla að fórnarlömb hafa verið fremur hlynnt þessu fyrirkomulagi og tel ég enga ástæðu til að koma inn þeim hugmyndum að þau eigi ekki að annast kaffiveitingar fyrir lífgjafa sinn.

sjoa 2007

Þar sem vanalega eru holur var allt flatt og öfugt, öldurnar hrikalega stórar og hvergi eddy! Þvílíkur djö..... hraði, drengur!!

Þetta var mitt annað skipti á Sjoa Festival en Tinna var að fara í fyrsta sinn. Við lögðum í hann frá Keflavík að morgni mánudagsins 9. júlí með tilheyrandi fjárútlátum til Flugleiða sem ekki virðast geta ákveðið hvernig höndla eigi svona fugla sem vilja fljúga með bátana sína. Flugíð gekk áfallalaust fyrir sig og eftir um það bil tvo og hálfan tíma vorum við lent á Gardemoen flugvelli. Merkillegt nokk þá skilaði allt dótið sér, óskemmt. Næsta skref var að nálgast bílinn. Til að allt kæmist örugglega fyrir sem við þurftum höfðum við pantað Suzuki Jimny á álfelgum. Hlóðum draslinu í kaggann, ströppuðum bátana og árnar á toppinn og tókum stefnuna í norður. Ég væri hreinlega að ljúga ef ég segði að Ofur-Súkkann hefði ekki fundið fyrir öllum farangrinum en ekki kvartaði hún hið minnsta. Þarf svo sem ekki ýkja mörg hestöfl til að halda norskum hámarkshraða.

Á leiðinni hugguðum við okkur með kaffi, sælgæti og 20 gígabætum af tónlist.

Eftir tæplega fimm tíma akstur, með nokkrum pásam, vorum við komin til Sjoa. Á tjaldstæðinu voru aðeins örfá tjöld þannig að við gátum valið okkur finan blett fyrir litla göngutjaldið sem við höfðum meðferðis. Við komum okkur fyrir, fengum okkur í gogginn og röltum aðeins um svæðið. Tjaldstæðið í Sjoa er á bökkum sjálfrar Sjoa árinna. Þar sem rignt hafði mikið það sem af var sumri voru allar sprænur fullar af vatni og Sjoa áin var engin undantekning. Hún var bókstaflega stokkbólgin og gjörólik því sem ég hafði séð árið áður. Við fórum snemma í poka.

Vöknuðum hress á þriðjudeginum. Byrjuðum daginn á kaffi, morgunmat og léttum teygjum. Skoðuðum dagskrána fyrir festivalið og reyndum að setja okkur aðeins inni hlutina. Gestunum fylgjaði hægt og bitandi. Við skelltum okkur á rúntinn (ég er úr Keflavík, for crying out loud!). Byrjuðum á því að heimsækja Strie Strømmer sem er aðal kajakverslunin á svæðinu. Þar fjárfestum við í Biblíu þeirra sem ætla að sigla í Noregi; Norway, The Whitewater Guide eftir Jens Klatt og Olaf Obsommer. Alger snilldarbók, bæði á ensku og þýsku.

Þessu næst héldum við til baka niður Heidal og tókum stefnuna á bæinn Otta sem liggur í næsta dal við hliðina. Við vorum spennt fyrir að róa neðri hlutann af Ula. Guide-bókin segir að hann sé class III og ekki nema 3 km að lengd. Fín upphitun fyrir vikuna. Við skelltum okkur. Skít auðvelt og eiginlega bara grjótskak en upphitun engu að síður.

Það rigndi um nóttina. Þegar við vöknuðum hafði stytt upp. Við vorum hress. Byrjuðum daginn á kaffi, morgunmat og léttum teygjum. Því næst kítum við í skýlið þar sem mótshaldarar héldu til og skráðum okkur formlega. Fengum armband og stuttermabol

í staðinn fyrir peningana. Fengum líka þær upplýsingar að vegna mikillar vatnsbólgu myndi dagskráin taka einhverjum breytingum og boater-cross keppnin, sem vera ætti á föstudeginum, félli niður. Þá myndi raft-raceið sem vanalega er haldið í slalombrautinni hjá tjaldstæðinu verða fært til og haldið ofar í ánni.


Við ákváðum að skella okkur eina bunu niður Sjoa playrun. Bókin góða segir að um sé að ræða class III – IV-, 6 km langt og tveggja til þriggja tíma sigling. Við vorum tuttugu mínútur á leiðinni. Þar sem vanalega eru holur var allt flatt og öfugt, öldurnar hrikalega stórar og hvergi eddy! Þvílíkur djö..... hraði, drengur!!

Þegar við komum svo aftur niður á tjaldsvæðið hafði gestunum fylgjað enn meir. Eftir mikla og flókna eldamennsku, lítilræði af öli og tannhreinsun skriðum við í pokana.

Vöknuðum hress á fimmtudeginum. Byrjuðum daginn að vanda á kaffi, morgunmat og léttum teygjum. Skoðuðum bókina góðu og ákváðum í framhaldi af því að keyra upp í Guðbrandsdalinn og kíkja á neðri hluta árinna Jori. Hann kvað vera class III – IV, 17 km langur og þriggja til fjögurra tíma sigling. Ég man nú ekki hvað keyrslan er löng en við vorum hress alla leið. Með kaffi í krús og Dolly Parton hringsnérist í iPodinum.

Við take out-ið á Jori hittum við fyrir ræðara sem líka ætluðu að skella sér svo úr varð svokallað samflot. Í hópnum voru nokkrir Norðmenn og einn Hollendingur. Okkur gekk vel. Ég átti eitt ekki töff sund í eddi en varð ekki fyrir aðkasti frá neinum úr hópnum. Enda ber það vott um skynsemi að synda þar sem það er öruggt að synda. Áin var ansi hreint skemmtileg, svona continuous með svolitlu grjóti. Einhverjar holur og skemmtilegheit en ekkert sérstaklega erfitt. Hún rennur til að byrja með um opið gil en síðan í djúpu gljúfri með þverhniptum veggjum. Áin Gröna rennur saman við Jori stuttu fyrir take out-ið og gerir lokakaflann aðeins hressilegri. Hópurinn fúnkeraði mjög vel þó svo að getan hafi verið eitthvað misjöfn. Eftir róðurinn splæstum við í sveittan borgara á aðal búllunni í Dom-bås og dóluðum svo til baka í áttina að Sjoa.

Vöknuðum hress á föstudeginum. Byrjuðum daginn á kaffi, morgunmat og Mullers-æfingum. Eftir það fórum við á stúfana. Hittum hluta hópsins frá því deginum áður og sammæltumst um að vera vinir og róa meira saman. Í hópinn bættust svo einn Ameríkani, tveir Þjóðverjar og einhverjir Norðmenn. Eftir svolítið japl, jaml og fuður var stefnan tekin á Frya. Hún rennur um Frydalen, er gráðuð class IV (V) og siglingin er 15 km löng. Ótrúlega skemmtileg sigling í gegnum gljúfur sem þrengst er um tveir metrar að breidd. Fullt af droppum og slædum og det hele. Síðasta droppið, sem er akkúrat þar sem gljúfurbreiddin er hvað minnst, verður maður að taka vinstra megin



blint. Fari maður vinstra megin bíður nokkurra metra langt slæd, sveittur borgari og öl. Fari maður hins vegar hægra megin er tvennt í stöðunni; endurhæfing eða líkhús.

Okkur gekk mjög vel í Frya. Ég smellti mér á sund í eddii eftir að hafa druslast aðeins í lítilli holu í nokkrar sekúndur. Hrökk aðeins úr veltugírnum í rétt snöggvast og þá er ekki að spyrja að því. Og aftur í eddii. Þetta var samt ekki alvarlegra en það að ég stóð bara upp, hellti úr bátnum og var hress. Ekki annað hægt í svona skemmtilegri á. Við höfum ekki áður lent í svona pool-drop róðri og vonandi var þetta ekki í síðasta skiptið.

Þó svo hópurinn hafi verið um 15 manns þá gekk róðurinn vel.

Við reyndum að dreifa vel úr honum til að það sköpuðust síður vandræði í eddium og slíku. Við Íslendingarnir filuðum okkur svolítið eins og við værum fólkið sem á flottustu græjurnar en getur svo ekki neitt. Nýjustu Sweet hjálmarnir, AT árar, Stohlquist vesti, nýjustu Kokatat þurrboxurnar, nýjustu Tevurnar og hvað þetta heitir allt saman. Þjóðverjarnir litu út eins og þeir hefðu stolið gömlum neoprene göllunum og hjálmunum frá Arctic Rafting. Fjólubláir og finir. Samt voru þeir über hressir. Gaman að þeim.

Vöknuðum hress á laugardegnum. Byrjuðum daginn á kaffi, morgunmat og léttum teygjum. Ráfuðum því næst aðeins um svæðið. Ekki var útlit fyrir að Sjoa áin myndi lækka og þar af leiðandi útilokað fyrir okkur að róa Ámot en það er kaflinn þar sem Boater-Crossið er jafnan haldið. Ámot er u.þ.b. tveggja km langt og samkvæmt guide bókinni okkar class IV-V- í venjulegu árferði. Þegar vatnsmagnið hins vegar er svona mikið verður Ámot bara sannkallaður

skottúr þar sem hvergi er hægt að stoppa eða hjálpa öðrum. Algjör geðveiki. Mótshaldararnir ráðlögðu fólki að róa það ekki og ég veit ekki til þess að nokkur hafi gert annað.

Í fyrra druknaði breskur ræðari þarna fyrir framan augun á félögum sínum í eðlilegu vatnsmagni og ég held að það hafi kannski setið svolítið í fólkinu.

En jæja, við hittum böddfiana okkar og ákváðum að skella okkur í efri partinn af Ula. Upper-Ula er án efa einhver þekktasti straumkajakstaðurinn í Noregi og það er ástæða fyrir því; Ula-slædin og Ula-fossarnir. Hver hefur ekki séð þessi risa slæd í einhverju kajak-vidjóinu eða blaðinu. Við endann á slædunum er svo 4 m hár foss, Svabergfoss. Þetta er staðurinn þar sem Ula Extreme Race er haldið. Einhverjir kannast eflaust líka við Ula-fossana. Fimm í röð af ýmsum stærðum og gerðum. Restina af leiðinni vissum við hreinlega ekkert um. Vorum spennt.

Upper-Ula byrjar frekar rólega og er frekar grunn. Minnti mig einhverra hluta á byrjunarkaflann í Laxá í Aðaldal. Hægt og rólega færðist þó fjör í leikinn og manni hætti að liða eins og maður væri staddur norður í Þingeyjarsýslum. Eftir kannski hálf tíma róður kom að því að labba framhjá fossi sem er ófær. Það tók smástund en við pössuðum okkur á að tapa ekki gleðinni á meðan. Svo var bara haldið áfram og hvert dropið tekið á fætur öðru. Ekkert þeirra sérstaklega erfitt en samt svo asskoti gaman eitthvað. Aðeins einn í hópnum hafði róíð þetta áður. Það var Breti og hann hafði gert það daginn áður.

Þegar við komum að slædunum margfrægu var þar fyrir hópur ræðara sem var að keppa sín á milli um hver væri fljótastur.



Við fylgdumst með þeim og okkur sýndist þetta nú ekki vera svo mikið mál. Ákváðum samt að labba enda gott að eiga eitthvað eftir þegar maður kemur næst. Bretinn í hópnum smellti sér í slædin en sleppti fossinum neðst.

Eftir slædin tekur við svipaður kafli og fyrir ofan þau og aftur fór mér að líða eins og ég væri kominn norður í Þingeyjarsýslu. Merkilægur andsk....!! Eina líklega skýringin sem mér datt í hug var að þetta hefði með gæðinn okkar að gera. Hann þóttist alltaf vita hvar best væri að fara en var oftast bara í tómu rugli. Það hef ég einmitt upplifað í Þingeyjarsýslunni. Samt gekk okkur bara vel, fyrir utan þegar Tinna fylgdi leiðbeiningum Bretans bókstaflega og lét sig vaða niður lítinn, krúttulegan foss og pinnaði bátinn. Það tók heillangan tíma að ná bátinum og þurfti fjölda manns til.

Á laugardagskvöldið var svo skífuþeytir og grill og festivalinu slúttað.

Allir sáttir og ljóst að við kíkjum aftur til Sjoa. Kannski spurning um að fá fleiri endur með næst . Jói & Tinna





Enn einn hringfarinn

Það virðist höfða nokkuð til útlendinga að róa á kayak hringinn í kringum Ísland, a.m.k. ætlar enn einn útlenski hringfarinn að leggja upp í sumar. Í þetta sinn ætlar Bandaríkjamaðurinn Marcus Demuth að spreyta sig og freista þess að verða annar kayakmaðurinn og fyrsti karlmaðurinn til að ljúka þessari miklu þolraun. Fyrst til að róa hringinn var auðvitað ísraelska kayakkonan Rotem Ron en það gerði hún sumarið 2006.

Marcus þessi mun ekki vera ýkja gamall í sportinu en hann er reynslu-mikill engu að síður. Á heimasíðu hans á alnetinu má t.d. sjá að hann reri hringinn í kringum Írland árið 2007 og hefur auk þess róið við strendur Ástralíu, Chile og Wales, svo helstu leiðangrar hans út fyrir bandarísku landssteinana séu nefndir.

Margt fróðlegt má finna á heimasíðu Marcusar, **www.marcusdemuth.com**, en þar stendur m.a. að íslenska orðið fyrir beer (bjór) sé hvítvín. Hann hefur einnig búið til sérstaka heimasíðu fyrir hringferðina, **www.aroundiceland2008.blogspot.com**.

Marcus gerir ráð fyrir að hefja leiðangur sinn í Reykjavík 6. júní nk. Hann hefur haldið fyrirlestra um ferðir sínar og hefur hann þegar ákveðið að halda fyrirlestur á Neskaupsstað 29. júní. Þar með munu þrír (ef Marcusi tekst að klára) kayakhringfarar hafa látið ljós sitt skína í Neskaupsstað á árinu og hlýtur það að vera Íslandsmet, ef ekki heimsmet, a.m.k. miðað við mannfjölda. Hinir tveir eru auðvitað Freya Hoffmeister og Nigel Foster.



Marcus Demuth



en það fara ekki allir allan hringinn

Útlendingar koma ekki bara til Íslands til þess að róa allan hringinn. Í fyrrasumar reri þýski tannlæknirinn Martin R. einsamall frá Húsavík og eitthvað suður fyrir Neskaupsstað. Róðurinn tók um þrjár vikur og var hinn skemmtilegasti að sögn Martins. Hann lenti í ýmsu á leiðinni eins og gengur. Honum krossbrá til dæmis þegar hvalur kíkti upp úr dimmri þoku á Skjálfanda og blés í um 30 metra fjarlægð frá bátinum og eitt sinn gerði hann þau illþefjandi mistök að reyna lendingu skammt frá þeim stað sem bóndi nokkur notaði til að sturta taði (eða var það eitthvað verra?) í sjóinn. Martin tók þátt í sjókayakferðinni frá Ólafsvík til Grenivíkur (sem átti að ljúka í Húsavík) og því kannast allnokkrir kayakmenn við manninn. Ferðasögu sem hann sendi okkur nú í vor er að finna á vef Kayakklúbbsins – ferðasögur.





HVAMMSVÍK

FJÖLSKYLDUPARADÍS STEINSNAR FRÁ REYKJAVÍK

KAYAKVERSLUN

KAYAKFERÐIR

KAYAKNÁMSKEIÐ

Hvammsvík við Hvalfjörð - Sími 566 7023 - WWW.HVAMMSVIK.IS - info@hvammsvik.is

Eyrnatappar eru góðar græjur

Margir kayakmenn og ekki síður kayakkonur vita að það getur verið gott að vera með eyrnatappa í kayakferðum. Flestir (flestar) troða þeim í eyrun á kvöldin til að fá frið fyrir hrotunum í ferðafélögunum en til er önnur gerð eyrnatappa sem er ekki síður mikilvæg fyrir kayakmenn. Þessi gerð eyrnatappa sem hér er til umfjöllunar gagnast reyndar lítið gegn hrotum heldur eru þeir sérhannaðir til að koma í veg fyrir að eyru og þar með heyrn verði fyrir skaða s.s. vegna kulda eða þrýstings. Gat er á töppunum sem hleypir hljóði í gegn, a.m.k. einhverju hljóði.

Gildi tappanna felst í því að þeir koma í veg fyrir að eyrun fyllist af vatni þegar höfuðið fer í kaf en samkvæmt heimasíðu framleiðandans getur verið verulega óhollt að fá kalt vatn í eyrun, sérstaklega þegar vindar blása. Hættan er fólgin í því að eyrað kólnar við vatnsbaðið og í sumum tilfellum kemst ekki allt vatnið út aftur heldur verður eftir í eyranu.

Hættan á þessu er væntanlega meiri þegar vatnið er undir þrýstingi, s.s. í straumharðri á eða í brimi. Verði vatn eftir í eyranu eykst hættan á eyrnabólgu sem er bæði verulega óþægileg og getur auk þess valdið skaða á heyrn. Dæmi eru um að eyrnabólga sprengi gat á hljóðhimnuna en slíkt mein getur dæmt kayakmann úr leik svo mánuðum skiptir því á meðan meinið er að gróa má ekkert vatn fara í eyrað. Þetta hefur Fréttabréfið eftir áreiðanlegum íslenskum heimildamanni.

Tapparnir eru ódýrir og þá má m.a. kaupa í gegnum þessa netsíðu:
www.earplugs-direct.co.uk. Sjálfsagt framleiða fleiri slíka tappa.

Ókeypis sérfræðiaðstoð

Ein er sú síða á netinu sem er hjálplegi en aðrar fyrir þá sem vilja bæta róðratækni sína og almenna sjókayak-kunnáttu en það er síða kayakfyrirtækisins Atlantic Kayak Tours, www.atlantickayaktours.com.

Ef smellt er á Expert Center er hægt að lesa um alls kyns tækniæfingar, björgunaraðferðir, siglingafræði og hvernig menn eiga að búa sig í kayakferðum svo eitthvað sé nefnt. Algjör gullnáma.



Stóra-Laxá

Stóra-Laxá er umtöluð í straumkayak-heiminum. Hún er mjög sjaldan róin vegna þess að þetta er mikill leiðangur. Sá hluti árinna sem róinn er liggur á Laxárgljúfrunum. Til að komast að þeim þarf að keyra lengst inn á Hrunaafrétt og akstuinn á milli uppafs og enda er heillangur. Erfitt er að meta vatnsmagn í ánni, þar sem að lítil þekking er á rennslinu í henni. Vitað er að til þess að gott sé að róa hana þarf að vera meira en meðal rennsli í henni, hinsvegar er ekki gott að hafa of mikið vatn. Þar sem áin rennur í djúpu gljúfri er ekki hægt að hætta við ef að menn komast að því að vatnsmagnið í ánni er of lítið eða of mikið.

Vorið 2007 var hópur ræðara búinn að fá nóg af því að tala um áнна og vildi fara að komast í hana. Við höfðum útvegað okkur bílstjóra á stórum jeppa og vorum tilbúin að leggja í hann. Enginn í hópnum hafði skoðað áнна eða róið hana áður, þannig að það var erfitt að meta hvort rétt vatnsmagn væri í henni þennan dag. Við komum á staðinn og eftir lýsingum að dæma var a.m.k ekki of lítið vatn í henni þennan dag. Við skoðuðum helling og hringdum í menn sem þekktu áнна. Okkur var sagt að ef að fyrsta flúðin liti út fyrir að vera eitthvað þá væri of mikið vatn í ánni. Af 100 m háum gljúfurbarminum leit þetta ekki svo illa út. Við vorum samt ekki viss. Við enduðum á því að labba niður með gljúfrinu til að skoða alla áнна og alltaf sögðum við “við gætum róið þetta.” En það er erfitt að dæma úr svona mikilli hæð. Úr varð að við ákváðum að róa ekki þetta skiptið, það var ekki þess virði að taka sénsinn.


Eftir nokkra daga, miklar þælingar og umhugsun fengum við hinn þraut reynda Alla Möller með okkur í lið. Við lögðum af stað úr bænum eld snemma og treystum á að ná ánni í góðu vatni. Við

keyrðum að endapunktinum og Alli sannfærði okkur um að það væri mögulega nægjanlega mikið vatn í ánni um það bil. Við gölluðum okkur því upp, skildum eftir bíl og héldum af stað. Á leiðinni uppeftir var stoppað í Árnesi til að fá sér pulsu og ís og svo var haldið áfram í 1-2 tíma bíltúr upp á Hrunaafrétt. Þegar við komum að ánni sáum við að það var töluvert minna vatn í henni heldur en þegar við skoðuðum hana fyrr um vorið. Það var reyndar ekkert töluvert minna vatn heldur miklu miklu minna. Við vorum því fegin að hafa ekki róið hana í fyrra skiptið.

Áin byrjar á 6-8 m háum fossi ofan í gljúfrið. Alli fór fyrstur og stóð sig með þrýði. Halli og ég vorum næstir og okkur tókst að klúðra þessu með glæsibrag. Ég lenti á hliðinni og Halli lenti á klettavegg á leiðinni niður, en allir sluppu þó. Jói og Tinna ákváðu að labba ofan í gljúfrið, enda þurfa þau ekkert að sanna sig. Ofan í gljúfrinu vorum við ein í heiminum. Við vorum bara 5 og enginn annar í óra fjarlægð, þarna leið okkur eins og kayakmönnum. Við höfðum séð gljúfrin ofanfrá og fundist þau stórbrotin, en þegar maður er ofan í þeim eru þau ólýsanleg. Stórir steinar hafa hrunið ofan í þau og mynda þeir margar flúðirnar.

Alli leiddi okkur í gegnum gljúfrin með mikilli snilld. Við stoppuðum lítið enda var ekki mikill tími til að slaka á. Okkur fannst við fara nokkuð hratt yfir en Alli hvartaði undan því að við færum ekki nógu hratt. Ferðin gekk mjög vel, margar fallegar og krefjandi flúðir og náttúran ótrúleg. Mest spennandi kaflinn var S-laga flúð þar sem að vatnið fór að miklu leiti undir kletta. Þegar vatnið rennur undir kletta er alltaf hætt á að maður fari með því undir, það er mjög óæskilegt að gera það þar sem að maður á lítinn





möguleika á að sleppa undir klettana. Í þessari S flúð gekk öllum nokkuð vel, Tinna var næst því að lenda undir stein þegar hún kom niður síðasta hluta flúðarinnar á kolröngum stað og lenti á hvolfi undir kletti, en vatnið ýtti henni undan og allt var í góðu lagi.

Við höfðum skoðað síðustu flúðina þegar við skildum bílinn eftir og rérum hana því án þess að skoða hana aftur. Ég fór fyrstur. Jói og Tinna lentu í veseni og ákváðu að synda saman í efsta kaflanum. Alli hjálpaði þeim í land og þau héldu áfram. Eftir síðustu flúðina flutum við að bílnum okkar og róðurinn var búinn. Núna þurfti bara að keyra til baka upp á Hrunaafrétt að sækja hinn bílinn. Þegar allir bílar og allt fólk var komið saman héldum við heim og skiluðum okkur í bæinn seint um kvöldið eftir 15 tíma ferð. Halli dró fram hamar og meitil og merkti vatnshæðina á brúarstólpa við Flúðir, þannig að næst ættum við að hafa betri hugmynd um vatnsmagnið í ánni.

Góð ferð, gott veður og ótrúleg náttúra . Hvað viljum við meira?
Sjáumst næsta vor.

Kv.

Jón, Halli, Alli, Jói og Tinna



Egill rauði

en ekki Eiríkur

sjókayakmót í Norðfirði 6.-8. júní



SJÓKAYAKMÓT Eiríks rauða verður ekki haldið í Stykkishólmi þetta árið. Ástæðan er sú að mótshaldarinn, Þorsteinn Sigurlaugsson, betur þekktur sem Steini í Hólminum, pakkaði í haust öllu sínu hafurtaski í kassa og hlóð kössunum, kayökunum og afgangnum af búslóðinni í flutningabíl sem hann sendi til Egilsstaða. Á eftir fylgdi Þorsteinn sjálfur, konan og strákarnir þrír. En mótabyrstir kayakræðrar þurfa ekki að örvænta – í staðinn ætla Steini og kayakklúbburinn Kaj að standa fyrir sjókayakmóti í Norðfirði (Neskaupsstað) helgina 6. - 8. júní.

Dagskráin á sjókayakmótum Eiríks rauða í Stykkishólmi hefur verið glæsileg og mikill fengur verið að þátttöku erlendra kayakræðara sem hafa sagt spennandi ferðasögur og haldið námskeið. Steini segir að mótið í Norðfirði verði ekki síðra, með þeim fyrirvara að þar sem mótið er ekki haldið um hvítasunnuhelgi, eins og venja er til, er það styttra í annan endann. Hvítasunnudagur er 11. maí og Austfirðingar töldu að það væru full snemmt fyrir tjaldútilegur.

Frægar kempur

Sem fyrr er von á erlendum kempum, að þessu sinni Freyu Hoffmeister og Nigel Foster og konu hans Kristín.

Veltukúnstnerinn Freya er þekktust á Íslandi fyrir að hafa róðið í kringum Ísland síðastliðið sumar ásamt Greg Stamer. Þar með fetaði hún í fótspor Fosters sem varð fyrstur til að róa í kringum Ísland í félagið við Geoff Hunter sumarið 1977. Foster var þá 24 ára gamall. Í hringferð sinni rákust þeir félagar aðeins á einn íslenskan kayakmann, auðvitað á Vestfjörðum, og reri hann á heimasníðuðum kayak.

Íslandsferðir þeirra beggja verða örugglega ræddar og það verður örugglega hressandi fyrir íslenska kayakmenn ef þeir fá að heyra ferðasögu Nigels en þegar hann og Geoff reru hringinn höfðu þeir ekki ferðaútlarp eða –talstöðvar til að fá upplýsingar um veðurspár

og urðu að mestu að reiða sig á sitt eigið hyggjuvit. Búnaðurinn var líka allur annar og frumstæðari, t.d. átti enn eftir að finna upp sjóstakk sem var sjóheldur við únlíðsopin og hálsmálið. Nigel hefur komið nokkrum sinnum til Íslands síðan þá, m.a. í róðraferðir. Þá rekur hann sitt eigið kayakfyrirtæki og hefur hannað kayaka sem eru m.a. framleiddir af Point 65. Hann ku einnig vera liðtækur gítaristi en mun þó ekki enn hafa lofað að spila undir á kvöldvökum eystra.

Afrek Freyu og Greg Stamer eru væntanlega flestum í fersku minni en þau reru hringinn í kringum Ísland á algjörum met tíma eða eins og svo lipurlega var skrifað í Morgunblaðið, laugardaginn 14. júlí 2007:

“... Freya Hoffmeister og Greg Stamer luku hringróðri sínum umhverfis Ísland á miðvikudag og settu þar með nýtt hraðamet sem varla verður slegið í bráð. Þau reru hringinn á 33 dögum en þurftu að bíða af sér veður í samtals í rúma viku, þannig að dagar á sjó voru ekki nema 25. Vegalengdin sem þau lögðu að baki er 1.620 km og reru þau að meðaltali 65 km á dag.”

Steini lofar fjölbreyttri dagskrá frá föstudegi til sunnudags en hún er birt á öðrum stað hér í blaðinu. Steini og Kaj hafa aflað tilboða í flutning á kayökum frá höfuðborgarsvæðinu og til baka og verið er að semja við Flugfélag Íslands um e.k. afsláttarkjör.

Nigel leikur listir sínar og sýnir hvernig standa má á öðrum fæti án þess að halli á hinn.



Egill rauði en ekki Eiríkur

Alls engar heimildir eru fyrir því að Eiríkur rauði hafi nokkurn tíma stigið fæti í Austurkjördæmi. Það vill hins vegar svo heppilega til að sá sem nam land í Norðfirði endur fyrir löngu hét Egill rauði og hefur því verið ákveðið að kenna mótið við hann. Samkvæmt þokkalega öruggum heimildum Fréttabréfsins mun Ari Benediktsson, kayakforkólfur á Norðfirði, vera einn af fjölmörgum afkomendum hans eystra.

Nánari upplýsingar um mótið verður að finna á vef kayakklúbbsins Kaj og Kayakklúbbsins í Reykjavík.

www.123.is/kaj/

www.kayakklubburinn.is

Saknar Breiðafjarðarins “pínulítið”

Allt er í heiminum hverfult og allt það en það var erfitt að sjá fyrir sér að Steini í Hólminum tæki upp á því að láta sig barasta hverfa úr Hólminum. Þar hafði hann búið í áratug og haldið úti sjókayakleigu í sjö ár sem er langur tími í þessum bransa. Hvað olli? Jú, það var aðdráttarafl álversins í Reyðarfirði og gott atvinnuástand eystra sem togaði þau hjónin Steina og Ritu Hvönn austur. Hann vinnur nú sem rafvirkir í álverinu en henni bauðst að stýra útibúi Blómavals á Egilsstöðum sem hún gerir af myndarskap.

Þetta bar brátt að, Steini byrjaði að gæla við búferlaflutningana í lok ágúst, þreifaði svolítið fyrir sér og í september var allt klappað og klárt.

Það eru alkunn sannindi að Breiðafjörður er fallegasti fjörður á Íslandi og Steini var því krafinn svara um hvernig honum líkaði að skipta á Breiðafirðinum, matarkistunni, eyjunum óteljandi, sagnaslóðinni fyrir hið jökulgráa og grugguga Lagarfljót sem gutlar í 50 metra fjarlægð frá húsveggnum hans? Steini dró ekkert undan. „Þetta er voða fallegt en kannski ekki sérlega spennandi, það er engin stemning að róa þarna, þú skilur,” svaraði hann og játaði fúslega að hann saknaði Breiðafjarðarins “pínulítið”. Á hinn bóginn væru mörg spennandi róðrasvæði á Austfjörðum. „Breiðafjörðurinn er stærri og fjölbreyttari og mikið um strauma. Firðirnir hér fyrir austan er opnari fyrir hafi og hafaldan miklu sterkari og sjórinn getur þess vegna orðið bráðlífandi,” sagði Steini en hann er spenntur fyrir að kanna svæðið í sumar með Ara Benediktssyni og félögum í Kaj. Þá mun Steini áfram bjóða upp á námskeið í Reykjavík og útvaldar ferðir í nafni Seakayak Iceland.



Sumum finnst betra að byrja á því að synda niður flúðirnar til að kynnst þeim svona persónulega

Jói Kojak í kröppum dansi í Hvítánni



Kalli í fullu fjöri



nýliðastarf í straumvatns

Ég er oft spurður: “Er þetta straumkayak ekki bara fyrir einhverja adrenalínfíkla og jaðarhópa?” Og svarið við þessari spurningu er einfalt “Jú auðvitað.” En einhvernvegin byrja nú allir og það endist enginn lengi á straumkayak, eða bara kayak almennt, sem fer ekki fyrst í grunnu laugina, stekkur þaðan yfir í djúpu laugina og fer svo og glímur við óbeislaða náttúruna. Hérna ætla ég aðeins að kynna hvernig maður byrjar á að koma sér í hann krappann á straumkayak, samt ekki of krappann.

Þegar fólk fær áhuga á að prófa sig áfram á kayak hefur það oft samband við Kayakklúbbinn og leitar ráða. Við bjóðum þeim þá að heimsækja okkur á sundlaugaræfingu í innilauginni í Laugardal. Þar fær fólk að setjast í kayak í öruggu og þægilegu umhverfi. Það er að sjálfsögðu ekki nauðsynlegt að mæta með neitt annað en sundföt á sundlaugaræfinguna. Á sundlaugaræfinum gefst fólki kostur á að kynnst öðru kayakfólki og komast í smá sambönd. Þarna er hægt að fá upplýsingar um námskeið og fleira gagnlegt. Á vorin fer svo straumkayakfólk af stað og þá kviknar smá líf eftir sundlaugina.

Í lok maí eða byrjun júní stendur klúbburinn fyrir nýliðaferð og þar eru allir velkomnir. Klúbburinn getur útvegað eitthvað af bátum og búnaði. Það er ekki mikilvægt að kunna mikið á kayak til að fara með í Nýliðaferðina. Ég mundi segja að það væri nóg að hafa mætt

nokkrum sinnum í laugina, prófað að róa, velta og komast úr bátinum. Í nýliðaferðinni fer hópur reyndra ræðara með og hjálpar til og passar upp á að allt gangi vel. Á hverju sumri eru svo fleiri atburðir í dagatali klúbbsins sem henta nýliðum sérstaklega vel og ber þar hæst árlega ferð í Galtalæk. Þetta er alltaf skemmtileg og fjölskylduvæn ferð þar sem mest áhersla er lögð á góðan grill mat og gott fjör.

En hvað þarf maður þá til brunns að bera til að geta orðið partur af straumvatnsdeildinni? Við þessu er eiginlega ekki til neitt eitt gott svar. Besta svarið sem ég get gefið er að maður þarf að vilja vera með. Það á enginn eftir að draga þig áfram, en ef þú tekur þátt í starfinu verður þér örugglega vel tekið.

Straumkayakróður getur hentað fólki á öllum aldri. Kayakklúbburinn hefur farið með unglínga frá fermingaráldri í Hvítánni og hann Halli okkar var rétt um fertugt þegar hann settist fyrst í straumkayak. Erlendis tíðkast það að börn, frá kannski 5-6 ára, byrji að róa í straumvatni. Það sem háir okkur hérna er að klúbburinn á ekki til svo litla báta og svo litlar árar, sem henta börnum. Eftir vaxtarkipp unglingsáranna fer þetta þá að ganga betur.

En því yngri sem byrjendurnir eru, því meiri aðstoð og öryggi þurfa



Tommi frændi minn að fara í gegnum Brúarhlöðin án nokkurra vandræða



Þarna sést Heiða gæs. Mjög sjaldgæf í straumvatni á Íslandi, en þekkt langar leiðir á bleikum hjálmnum og tignarlegum áratökum



deild Kayakklúbbsins

Þeir til að komast áfram. Þetta getur því verið mjög tímafrekt og því er eiginlega nauðsynlegt að ungir krakkar eigi góðan félagasem er til í að hjálpa þeim af stað, það er ekki nóg að eiga æstana þessa sem vill gera straumkayakhetju úr afkvæminu. Hins vegar gengur yfirleitt mjög vel að koma ungum krökkum af stað, þau eru fljót að læra og þeim gengur yfirleitt mjög vel í ánni.

Þegar fólk er komið með bílpróf og farið að verða sjálfstæðara er yfirleitt minna mál að komast af stað. Þegar búið er að redda búnaði og bát er yfirleitt nóg að setja inn póst á heimasíðu Kayakklúbbsins, www.kayakklubburinn.is, og auglýsa eftir félagsskap í léttu Hvítárferð. Til að byrja með skiptir mestu máli að hafa reyndan félagasem með í för, sem getur hjálpað til við að bjarga fólki, bátum og búnaði ef allt fer á versta veg.

Ég held að flestir félagar klúbbsins geti tekið undir það að vel er tekið á móti nýjum andlitum hvort sem er í straum eða sjó. Við sem stundum kayakróður gerum það flest til að njóta náttúrunnar og félagsskaparins, en auk þess nýtur straumvatnsdeildin þess líka að lifa á brúninni. Það eru kannski ekki hætturarnar sem við lendum í, í ánni sem halda okkur gangandi, heldur hetjusögurnar sem við segjum vinum okkar yfir góðu grilli eftir róðurinn.



Jói Kojak með Zoolander svipinn



» DAGSKRÁ 2008 »

25. apríl » Elliðaárródeó

Fyrsta mót straumkayakfólks er að vanda hið árlega Elliðaárródeó. Mótið fer fram í leikholunni rétt neðan gömlu rafstöðvarinnar. Keppt er kl. 13. á föstudeginum. Nánari tímasetning auglýst síðar á korkinum. Skráning í mótið fer fram á mótssað hálf tíma fyrir mótið. Umsjón: Keppnisnefnd.

Sama dag fara sjómenn frá Geldinganesi í fimmtudagskvöldróður kl. 18.00, út með ströndinni að mynni Reykjavíkurhafnar og þaðan í Engey, þar sem verður áð og róði inn sundin aftur. Um leið færast róður af laugardegi á fimmtudagskvöldin kl. 19.30.

26. apríl » Reykjavíkurbíkar

Keppni þessi er elsta keppni félagsins og hefur verið haldin á vorin, fyrst við Ægissíðu, - svo var hún flutt að Bessastöðum og var kennd við þann stað í fimm ár, en var svo flutt í annað sinn og er haldin við Geldinganesið. Keppt er í tveimur vegalengdum, sú styttri hentar vel þeim sem eru að byrja í sportinu. 500 krónu þátttökugjald, blys innifalinn fyrir þá sem ekki eiga. Grill við endamark eftir róðurinn. Umsjón: Keppnisnefnd.

10. maí » tekist á við strauminn

Róður straumkayakmanna í Ytri-Rangá, lagt af stað frá Rjúpnavöllum, tekið upp við Galtalæk. Hentar þeim sem voru að byrja síðasta sumar og eru að koma sér af stað aftur. Endað á grilli. Umsjón: Ferðanefnd, Stefán Karl Sævarsson; s. 867 7272, sks@hi.is.

9.-12. maí » Hvítasunnuhelgin

Við hittum Ísfirðinga í Reykjanesi í Djúpinu, www.rnes.is. Ætlunin er að mýkja sig í 50 metra heitum potti, rifja upp og bæta við róðratæknina í góðra vana hóp, og kanna spennandi breytingar vegna brúargerðar í Reykjavíri en með þeim verður væntanlega til skjólsælt róðarsvæði. Litið verður á sellátur og fuglavarpið auk einhverra rasta undir brúm. Eins getur fólk skroppið í Mjóafjörð þar sem ætti að vera þó nokkur fallastraumur undir brú. Síðan má ekki gleyma Borgarey og Æðey, góða skapinu og alls ekki bátunum. Ef fólk hefur fleiri hugmyndir má endilega skella þeim á korkinn eða hringja í Halldór í síma 894 6125.

Óhætt er að mæla sterklega með ferð á Reykjanesið enda eru aðstæður þar hinar bestu, hvort sem er til sundlaugaæfinga eða róðurs. Reynt verður að hafa góðar aðstæður með minni bátum o.fl. fyrir börn og unglinga, sem sagt nokkuð fjölskylduvænt.

24. maí » umhverfis Engey og Akurey

Farið frá Örfirisey suður, austur og norður fyrir Engey og áð í Akurey, róði þaðan aftur inn í Örfirisey eða ef veður er gott út í Gróttu og Seltjörn, bílar svo sóttir. Mæting kl. 10-10.30 rétt utan við Seglagerðina Ægi nálægt ysta hafnargarðinum í Örfirisey með heitt á brúsum og aðra hressingu að vild. Auðveldur róður.

Umsjón: Ferðanefnd, Reynir Tómas, s. 824 5444 eða reynir.steinunn@internet.is.

31. maí » fyrir Melasveitina

Farið nálægt flóði kl. 11.30 frá Súlunesi norðanvert í Grunnafirði (Leirárvogi) út Grunnafjörðinn og gegnum mynni hans, fyrir Melabakka, sem eru mjög fallegir og háir setlagabakkar við ströndina, með skerjum utan við, áð þar og svo lent við Belgsholt (fara má á móti hópnum þaðan). Klukkutímaferð frá Reykjavík, gegnum Hvalfjarðargöngin norður með Leirárvoginum og beygt út í Melasveitina þar. Ef fara á í Belgsholt er farið lengra þar til sér inn í Borgarfjörðinn og niður Melavseitarveginn þar. Bílar sóttir/ferjaðir. Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444 eða reynir.steinunn@internet.is.

1. júní » straumvatnsmenn í Hvítárferð

Þessi ferð er alltaf jafn vinsæl þar sem straumvatnsmenn bjóða sjóbatamönnum með áhuga að takast á við straumþunga Hvítánnu frá Brúarhlöðum niður að Drumbodstöðum. Hér þarf nokkra reynslu og æfingu í veltu og björgun. Umsjón: Ferðanefnd, Reynir Tómas, s. 824 5444 eða reynir.steinunn@internet.is.

6.-8. júní » sjókeyakmót á austurlandi (auglýst sérstaklega)

Sjá nánar á vefsíðunni <http://seakayakiceland.com>

8. júní: Sjókeyak sprettróður á Norðfirði. Steini í Hólminum er fluttur úr Hólminum og flytur sprettróðrakeppnina með sér austur og bætir þar með úr mótaskorti í þeim landshluta

13-15 júní » nýliðaferð í Galtalæk. Galtaleikarnir

Galtalækjargleðin heldur áfram. Mæting er á föstudagskvöldinu. Á laugardagsmorguninn er haldin morgunleikfimi í Leikfangalandi, lítilli flúði í ánni, áin er svo róin seinna um helgina.

Umsjón: Ferðanefnd, Stefán Karl Sævarsson; s. 867 7272, sks@hi.is.

21. júní » Bessastaðabíkar

10 km keppni á vegum Sviða á Áltanesi. Tími, kort og leið verða gefin út í byrjun júní, en 20. júní er stórstreymt og því má búast við töluverðum og skemmtilegum straumi í mynni Skógtjarnarinnar. Hér er ein aðalkeppni sumarsins, þar sem þarf að takast á við strauma og erfiðar aðstæður. Umsjón: Keppnisnefnd og kajakklúbburinn Sviði (Tryggvi Tryggvason, s. 897 2380, att@arkitekt.is).

23. júní » Jónsmessumót í Hvammsvík (mánudagskvöld).

Á Jónsmessunni hitta menn Jarlinn í Hvammsvík, grilla saman og róa svo út í miðnætursólina í Hvalfirðinum að faranótt Jónsmessudags. Róður fyrir alla.

Umsjón: Pétur, s. 893-1791, petur@hvammsvik.is.

23. júní » Jónsmessuróður straumfólks

Mæting á Select kl. 19 og brunað austur og róði inni miðnætursólina í hasarnum í Hvítá. Umsjón: Ferðanefnd, Stefán Karl Sævarsson; s. 867 7272, sks@hi.is.

» DAGSKRÁ 2008 »

28. júní » flúðakappróður í Tungufljóti

Haldinn verður árlegur kappróður í Tungufljóti. Keppnin fer fram í flúðunum fyrir ofan brúna yfir Tungufljótið, sem ekið er yfir á leiðinni frá Geysi að Gullfossi. Tímasetning keppinnar verður auglýst þegar nær dregur. Um kvöldið mun straumkayakfólk sameinast í tjaldbúðum, grilli og almennu fjöri á nærliggjandi tjaldsvæði.

Umsjón: Keppnisnefnd.

12. júlí » dagsferð í Straumfjörð á Mýrum

Farið á vinsælan stað frá fyrri árum. Ferð sem er sérstaklega ætluð þeim sem eru að byrja á að ferðast á kayak, þar sem reyndari félagar munu leggja sig eftir því að leiðbeina þeim óreyndu. Straumfjörður er sérstaklega fallegur staður stutt frá Reykjavík. Farið er niður á Mýrar rétt handan við Langá á Mýrum í átt að Ökrum og þar áfram þar til komið er að afleggjara niður í Straumfjörð. Fara þarf varlega vegna kríuunga á veginum nálægt bænum. Róið verður annaðhvort norður að Knarrarnesi og e.t.v. í átt að Hjörsey á Mýrum eða suður með ströndinni að breiðum hvítum sandströndum við mynni Borgarfjarðar og farið heim undir kvöld.

Umsjón: Ferðanefnd, Reynir Tómas Geirsson eða Sævar Helgason.

12. júlí » 10 km keppni á sjókayak á Sæludögum á Suðureyri

Haldið af kempunum á Ísafirði.

26.-27. júlí » helgarferð í Grundarfjörð

Tjaldað á laugardegi á tjaldstæðinu í Grundarfirði, róið fyrir Kirkjufell, Krossnes, Sandvík, Kiðanes og yfir í Látravík, og á sunnudegi út í Melrakkaey eða fyrir Búlandshöfða. Umsjón: Ferðanefnd, Reynir Tómas, s. 824 5444 eða reynir.steinunn@internet.is.

8.-10. ágúst » ferð frá Stað í Reykhólasveit í Skál-eyjar og Sviðnur

Ferð á sjóbátum fyrir sjómenn og straumvatnsmenn sem hefur notið vinsælda sl. ár. Róður sem er meðalerfiður og krefst ekki mikillar reynslu en er frábær útivist. Áformað er að hittast á föstu- degi undir kvöld um kl. 18 við bryggjuna neðan við Stað á Reykjanesi í Reykhólasveit 8. ágúst. Farið er neðan við bæinn og svo til vinstri ágætan veg að höfninni í Klauf. Lagt af stað út í kvöldkyrrðina um kvöldið, ekki seinna en kl. 20 og róið á tveim klst. út í Skálaleyjar, þar sem verður tjaldað. Næsta morgun er gengið um Skálaleyjar og svo róið allan daginn suður Skáléjalönd og Látralönd, etv. í Hvallátur og yfir Sviðnasund í Sviðnur, fáfarið stað með talsverðu af minjum frá eldri tíma. Þar verður tjaldað og gist næstu nótt en farið svo þaðan norður að Skutlaskeri og í Suðurlönd við Stað og aftur í Klaufarhöfn. Ferð í sögufrægar eyjar, með tilheyrandi söguupprifjun, varðeldi og góðum kvöldstundum. Sundlaugin á Reykhólum biður svo í lok róðurs. Sjá nánar á Breiðafjarðarkorti: www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Verndarsvaedid/kort.htm

Sjókajaka og allt sem þeim fylgir þarf að hafa, þ.m.t. tjöld, svefnpoka, prímusu, nesti, nestisdrykki, skemmtiefni, brennikubba, sjónauka, landakort, GPS og myndavélar.

Umsjón: Reynir Tómas, s.824 5444, reynir.steinunn@internet.is.

Aðrar ágústferðir á sjó/vötnverða skipulagðar á korkinum og auglýstar þar, en Hvítárvatn og Langisjór eru sem fyrr álitlegir kostir.

16. ágúst » Hvítá fyrir lengra komna

Farið er ofar í Hvítána og sett út í við Brattholt. Á þessum kafla bætast við nokkrar skemmtilegar flúðir. Ferðin hentar mjög vel þeim sem voru að byrja fyrr um sumarið og eru tilbúin til að róa meira en Hvítána frá Brúarhlöðum.

Umsjón: Stefán Karl Sævarsson; s. 867 7272, sks@hi.is.

6. september » Hvammsvíkurmarafon

Sjöunda marafonið, - þessi kappróður er marafon að lengd eins og nafnið gefur til kynna og er ætlað þokkalega vönum ræðurum, einstaklingskeppni og liðakeppni. Ræst verður kl.10 f.h. í Geldinganesi. Nánar auglýst síðar.

Umsjón: Keppnisnefnd og Pétur 893-1791, petur@hvammsvik.is.

6. september » Haustródeó

Síðasti atburður straumkayakfólks. Staðsetning auglýst síðar.

Umsjón: Keppnisnefnd.

20ber » Uppskeruhátíð Kayakklúbbsins

Staðsetning auglýst síðar. Hverjir unnu hvað og hörku stuð!

20. september » Róður í Nauthólsvík/Geldinganesi færast á laugardaga

20. september » eða nálægan dag þegar veður lítur vel út: Dagsferð á Þingvallavatn.

Farið frá ströndinni rétt innan við Valhöll um kl. 11, yfir í Vatnsvík að Arnarfelli og jafnvel út í Sandey á bakaleið, eftir því hvernig viðrar. Gert ráð fyrir að ferðin taki um 4-5 klst með 1-2 stoppum/kaffipásum, allt eftir veðri og vindum. Umsjón: Ferðanefnd, nánar auglýst á korkinum.

Ferðir í ár í Skagafirði: Auglýstar nánar á korkinum.

Fylgist með umræðu og tilkynningum á vef klúbbsins, á korkinum og tilkynningum í dagskránni til að skoða mögulegar breytingar og nánari tímasetningar eða ferðatilhögun. Margir fara í ferðir utan þessara dagskrárliða og tilkynna um það á korkinum. Ferðanefndin hvetur alla til að nýta sér þau tengsl sem þar skapast til að ferðast með meira öryggi um skemmtilegar slóðir í hinum glaðværa og vandamálalausa félagsskap ræðara og náttúruunnenda.



á sjókayak á Langasjó

sævar helgason

Langisjór er stórt stöðuvatn suðvestan undir Vatnajökli og er rúmlega 20 km á lengd með stefnuna norðaustur til suðvesturs alls um 27,7 km² að flatarmáli. Hæð vatnsins yfir sjávarmáli er 670 m og mesta dýpt 73,5 m. Há fjöll eru beggja vegna vatnsins á langvegin og sjálfur Vatnajökull er skammt undan norður endanum. Þorvaldur Thoroddsen, náttúrufræðingur lýsti Langasjó fyrstur manna og gaf honum nafnið við lok nítjándu aldar. Á þeim tíma lá skriðjökull fram í norðurenda vatnsins en í dag er talsverður spotti frá vatninu og að jöklinum sem lýsir vel hversu Vatnajökull hefur hropað og rýrnað á einni öld.





Á ferðaáætlun Kayakklúbbsins fyrir sumarið 2007 var áætluð róðrarferð á Langasjó dagana 18 - 20. ágúst. Páll Reynisson, kayakræðari setti í gang á "korkinum" áhugakönnun á ferðinni og sá síðan um ferðastjórnina. Alls tíu ræðarar, þar af tvær konur tilkynntu þátttöku.

Flestir gistu í Hólaskjóli á Skaftártungnaafrétti aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst í góðu yfirlæti og árla morguns var síðan brunað á fjallabílum inn að Langasjó og bílunum lagt við veiðihúsið sem þarna er við suðvesturenda vatnsins.

róið á Langasjó – Fögrufjöll

Allt umhverfið skartaði sínu fegursta, vatnið spegilslétt, litbrigði Fögrufjalla einstök og í 20 km. fjarska bar drifhvítann skjöld Vatnajökuls við himinn. Þetta var stórbrotin aðkoma. Og nú var hafist handa við að lesta bátana til tveggja daga ferðar um þetta heillandi svæði. Undirritaður varð fyrir því að uppgötva að svefn-pokinn hafði gleymst í Hólaskjóli. Þessi uppákoma útheimti nokkra endurskoðun á fyrirhuguðu plani á náttstað þar sem búast mátti við næturfrostri þarna norður við jökulröndina. Byrjað var á því að skilja þær 3-4 bjórdollar sem átti að njóta við varðeldinn, eftir í bílnum... ekki mátti brúðla með hitann í kroppnum og senda hann út með alkóhóli þarna í næturkulinu um nóttina.

tveggjamannafarið klýfur vatnsflötinn mjúklega

Lagt var í róðurinn um kl. ellefu um morguninn. Margar eyjar eru á Langasjó og strax við upphaf róðurs er ekki augljóst með leiðarval, þröskuldar verða á vegi í upphafi og liggur leið með þeim að austanverðu. Fjöllin spegluðust í vatninu og langt í fjarska var Vatnajökull og sérkennileg strýta sem gekk uppúr honum varð okkur hugleikin með hvað héti en þetta mun vera annar af tveimur tindum sem Kerlingar heita.

Eftir um 6 km róður var tekið hvíldarstopp á falletgri eyju þarna undir Fögrufjöllum. Næsti áfangi var Fagrifjörður, það nafn hæfir honum vel og ofan hans gnæfir Háskanef, þannig að þarna er skammt milli fegurðar og háska. Næsti áfangi var Útfallið en um það rennur eina áin frá Langasjó. Mjög erfitt er að greina á strandlínunni hvar þetta útfall er en í kyrrðinni sem þarna var og áratök okkar á ljúfu nótunum þá heyrðum við árniðinn um það bil sem við komum í ósinn. Klifra þarf uppá klettahöfða til að fá yfirsýn yfir þetta útfall og það er þess virði að leggja það á sig. Eftir myndatökur og náttúruskoðun þarna var skreiðst í bátana og lagt í lokaáfangann á þessum fyrsta degi ferðar. Sjálfur náttstaðurinn var framundan. Ekki var miklum gróðri þar fyrir að fara þar sem tjöld voru reist, gamall jökulleir þar sem þykkur skriðjökull hafði gengið fram í vatnið hundrað árum áður. Að lokinni kvöldmatarveislu var kveiktur varðeldur með aðfluttum brennikubbum og sagðar sögur í þessu magnaða umhverfi og við slökknandi glæðurnar var síðan skriðið inní tjald og í hlýja svefn-



Næturkul lagði frá jöklinum og reynt var að halda hita á kroppnum með hjálp allra þeirra efnisbúta sem tiltækir voru, öll aukaföt fengu hlutverk og svuntan, kayakstakkurinn og flotvesti skipuðu öndvegi hér og þar og sopið var á heitu vatni úr brúsa ætlaði hrollurinn að ná yfirhöndinni.



pokana, utan undirritaðs sem bara skreið inní tjaldið því enginn var svefnpokinn. Næturkul lagði frá jöklinum og reynt var að halda hita á kroppnum með hjálp allra þeirra efnisbúta sem tiltækir voru, öll aukaföt fengu hlutverk og svuntan, kayakstakkurinn og flotvesti skipuðu öndvegi hér og þar og sopið var á heitu vatni úr brúsa ætlaði hrollurinn að ná yfirhöndinni. Allt fór þetta vel og nýr dagur reis á öræfum, bjartur og fagur, sama blíðan og vatnið sem spegill. Að loknum morgunmat voru tjöld tekin niður, bátarnir lestaðir og lagt úr vör. Og nú var útsýnið með nokkuð öðrum brag en á inneftir leiðinni. Í stað Vatnajökuls sem alltaf blasti við okkur fyrri daginn þá var það núna Sveinstindur sem í fjarska bar við suður enda vatnsins.

landtaka í einni af mörgum eyja á Langasjó

Tvær hvíldarpásur voru teknar á leiðinni og fyrr en varði var rennt í fjöru við veiðihúsið þar sem bílarnir biðu okkar. Alls 40 km róðararferð var að baki. Afar velheppnaðri róðrarferð Kayakklúbbsins um Langasjó var lokið. Það voru ánægðir róðrarfélagar sem kvöddu Langasjó á þessum sunnudags eftirmiðdegi seinni hlutann í ágúst 2007.

[Undirritaður kom við í Hólaskjóli á heimleiðinni og náði í svefnpokann góða.](#)

Grænlen skýtur

kayaktíska rótum



Þeir Halldór og Ágúst Ingi dásama báðir grænlen
sku bátana sína og samkvæmt óstaðfestum heimildum hafa þeir meir að segja heyrst tauta eitthvað um að aðrir bátar séu bara eftirlíkingar af alvöru kayökum!

Myndirnar hér til hliðar eru af nýja bátnum hans Dóra á meðan smíðar stóðu yfir hinum megin við Grænlandssund.

Í vetur náði ný tíska hér fótfestu; grænlen ska kayaktíska. Þegar síðast fréttist var útlit fyrir að alls yrðu fjórir grænlen skir kayakar í eigu Íslendinga í sumar; tveir í eigu Halldórs Sveinbjörnssonar á Ísafirði, einn í eigu Ágústs Inga Sigurðssonar í Reykjavík og einn er á leiðinni til Þorsteins Sigurlaugssonar, nú á Egilsstöðum. Þeir hafa auk þess allir keypt sér **tuilik** sem er grænlen skur stakkur sem lokast yfir mannopið og er með hettu sem er reimuð að andlitinu. Þar að auki hafa þeir allir keypt sér grænlen skar árar. Augljóslega hafa þeir viljað hafa allt í stíl. Þeir eru sannkallaðir tiskukóngar.

Bátarnir eru allir úr sömu smiðjunni en hún er í bænum Qagortog sem er sunnarlega á vesturströnd Grænlands (www.greenland-kayaks.gl). Framkvæmdastjóri smiðjunnar er Baldvin Kristjánsson, Grænlandsfari með meiru. Halldór fékk bát númer 1 úr smiðjunni og Ágúst Ingi fékk bát númer 2. Kóngurinn í Svíþjóð fékk svo báta númer 3-5.

Grænlen sku kayakarnir eru með trégrind og utan um hana er strengdur dúkur úr sérhönnuðu gerviefni. Hver bátur er sérsmíðaður eftir máli og passar því eigandanum upp á hár, svo lengi sem hann hafi ekki bætt á sig alltof mörgum aukakílóum milli þöntunar og afhendingar.

Þegar Fréttabréfið ræddi við Halldór fyrr í vetur var hann, alveg eins og nú, mjög ánægður með bátinn. Þetta væri algjör snilld og báturinn ætti örugglega eftir að gera hann að miklu næmari og færari kayakræðara. Fyrri báturinn sem hann fékk var reyndar með of miklu bananalagi (rocker) fyrir smekk Halldórs. Slíkir bátar njóta sín best í brjáluðu veðri og miklum öldum en á Ísafirði róa menn sjaldan í slíkum aðstæðum. Halldór var auk þess frekar að leita eftir veltuæfingabát en leiktæki fyrir miklar öldur. Þar með voru þó hinir smávægilegu vankantar ekki upptaldir því í viðtali við Halldór sem birtist á heimasíðu Kayakklúbbsins í vetur sagði hann að báturinn

Hver bátur er sérsmíðaður eftir máli og passar því eigandanum upp á hár, svo lengi sem hann hafi ekki bætt á sig alltof mörgum aukakílóum milli pöntunar og afhendingar en eftir því sem næst verður komist eru engin dæmi um það hér á landi!



læki töluvert. Þegar hann væri búinn að róa honum í um hálf tíma eða klukkutíma og velta honum nokkrum sinnum þyrfti hann að brenna í land til að losa hann. Þetta er allt saman liðin tíð, segir Halldór nú. Auðvelt var að komast fyrir lekann og nú lekur hann ekki baun í bala.

Eins og fyrr segir var bananalagið á fyrsta bátinum full mikið og því gerði Halldór það sem hvaða kayakmaður sem er hefði gert í hans sporum; hann pantaði sér nýjan bát, þ.e. aðra gerð af kayak frá sama framleiðanda. Sá er ekki með bananalagi og er þar að auki með farangurshólfum en þau eru reyndar afskaplega lítil, eins og sést á myndunum sem fylgja með. Þegar Fréttabréfið fór í prentun var nýi kayakinn alveg að koma og Halldór alveg að drepast úr spenningi.

Þeir Halldór og Ágúst Ingi dásama báðir grænlenzku bátana sína og samkvæmt óstaðfestum heimildum hafa þeir meir að segja heyrst tauta eitthvað um að aðrir bátar séu bara eftirlíkingar af alvöru kayökum, plastdöllum, glerjungar, stampar o.s.frv.

Fyrir þann sem er að spá í svona bát er þó rétt að hafa í huga þeir eru ekki fyrir hvern sem er. Notagildi þeirra er t.d. takmarkaðra heldur en þeirra kayaka sem mest eru notaðir hér við land, þ.e. kayaka úr trefjagleri eða plasti. Þannig má t.d. ætla að grænlenzku kayakarnir séu viðkvæmari fyrir hnjaski en aðrir bátar og það krefst meiri færni að róa þeim svo vel sé. Þeir hafa á hinn bóginn marga aðra kosti.

Svo má heldur ekki gleyma því að grænlenzku bátarnir taka sig einstaklega vel út á sjó, sérstaklega ef ræðarinn er í tuilik og með grænlenzka ár.



starfsemi KAJ

Fyrir utan vikulega félagsróðra var KAJ á Norðfirði með tvær skipulagðar ferðir s.l. sumar, nýliðaferð og raðróðrarferð.

Nýliðaferð

Farin var byrjendaferð í Reyðarfjörð s.l. sumar, hægt að segja að ungliðarnir hafi staðið sig frábærlega, enda farnir 19km fyrsta daginn og 6 daginn eftir. Veðrið frábært og félagsskapurinn og tjaldútilegan ekki síðri. Kannski full löng ferð sem byrjendaferð, en gekk samt.

Raðróðrarferðin 2007 Ólafsfjörður Húsavík ... Grenivík

Raðróðrarferðin í fyrra var heldur endasleppt og sýnir að oft þarf að breyta ferðaplönnum vegna þess sibreytilega veðurs sem er á Íslandi. Á annan tug ræðara lögðu upp frá Ólafsfirði, Sunnlendingar, Austfirðingar og Þjóðverji. Leiðin út í Hrísey er mjög skemmtileg, magnaðir klettur og fossar eru í Ólafsfjarðarmúla og nyrsti tangi Hríseyjar er magnaður staður. Við lendingu í Hrísey hófst eiginlega erfiðasti kafli leiðarinnar, ef frá er talin ferðin daginn eftir að Látraströnd og til Grenivíkur. Aðgengi að tjaldstæðinu var ekki alveg það besta því það þurfti að ferja bátana úr fjörunni yfir heljar grjótfyllingu. Það tókst þó vel með samhentun átaki.

Allir sváfu vært um nóttina, eða allavegna þeir sem fengu sér Galloway steikina sem Hrísey er fræg fyrir.

Daginn eftir var fylgst náið með veðurspánni næstu daga. Veðrið leit ekki vel út og það blés sterkum norð-norðaustan vindi sem magnaðist upp og komu sterkar vindhviður yfir fjallgarð Látra-strandar. Það var því nokkuð stífur róður fyrsti leggurinn þann dag frá Hrísey að Látraströnd. Mikilvægi þess að halda hópinn og róa nálægt hver öðrum er mjög mikilvægt við aðstæður sem þessar, því að missa einhvern á hvolf lífshættulegt ef fólk er utan seilingarfjarlægðar hvað varðar félagabjörgun. Reyndar er það regla sem á alltaf við að fylgjast að og vita hvort af öðru.

Við lendingu á stórgýttri Látraströnd var staðan endurmetin, veðurspáin hafði breyst og var hópnum óhagstæðari fyrir næstu daga. Sú súra ákvörðun var tekin um að hætta við að fara til Húsavíkur, því grynningar og sterk norðanátt hefðu gert okkur lífið leitt alla leiðina. Ákveðið að það væri ekki áhættunnar virði að fara um Fjörður til Húsavíkur. Þess í stað róði til Grenivíkur og hluti hópsins réri inn á Akureyri. Ferðin var hin skemmtilegasta, enda áttum við bústað í Aðaldal sem flestir fóru í. Tilraun var gerð daginn eftir að reyna við brimið á Skjálfanda, en sandblástur og of sterkur vindur kom í veg fyrir að það væri hægt. Næstu daga sáuð við að ákvörðun okkar að stytta ferðina hafði verið rétt.



HÚSNÆÐISMÁL - Gámur, 112 Reykjavík?

Þegar Kayakklúbburinn var stofnaður snemma árs 1981 höfðum við aðstöðu í útiklefanum í Laugardalslauginni og fastur samkomustaður var einu sinni í viku í heita pottinum. Þannig var þetta þar til 1998 að við fórum í samstarf við Brokey um aðstöðuna í Nauthólsvík og var langtíma planið að byggja þar upp fyrir félagið. Fljótlega fóru menn að velta fyrir sér öðrum stað; Grafarvoginum, enda bjó Baldur varaformaður þar, og læt ég hér flakka bréf sem sent var borgarfulltrúum vorið 2001:

„Nú er svo komið að aðstaðan í Nauthólsvík er orðin of lítil og einnig vegna tilkomu ylstrandarinnar þá hentar hún ekki lengur. Erum við í okkar félagsskap því farnir að huga að framtíðaraðstöðu. Lengi vel höfðum við augastað á Nauthólsvíkinni, en nú í seinni tíð höfum við orðið spenntari fyrir staðsetningu við Leirvoginn, rétt innan við Geldingarnesið. Er einkum tvennt sem mælir með þeim stað, í fyrsta lagi þá er þar óspillt strandlengja og fjölbreyttara svæði til róðrar og í öðru lagi nálægð við fjölmennt hverfi þar sem margt er um börn og unglinga, sjáum við því fyrir okkur að á þessum stað getur farið fram öflugt barna og unglingastarf. Við gerum okkur grein fyrir að svæði þetta hefur ekki verið hannað með þetta í huga, en væri ekki rétt að endurskoða það og setja þarna niður aðstöðu sem ætluð er vistvænum siglingum, þ.e. fyrir litla báta sem knúin eru af handafli eða vindorku. Þarna hefðu börnin og unglingarnir úr hverfinu aðgang að sjónum og einnig væri þetta krydd í útivistarsvæði hverfisins. Aðstaða þessi þarf ekki að vera stór. Þetta gætu verið lágreistar byggingar, geymsla fyrir kayaka u.þ.b. 60m², búningasklefar og sturtur ásamt smá félagsaðstöðu sem jafnvel væri mögulegt að samnýta með öðrum.“

Sama sumar var svo fyrsti gámurinn settur niður, haustið 2002 er aðstöðugámurinn ásamt búninga- og sturtu- og búninga- aðstöðu kominn. Erfiðlega gekk að fá leyfi fyrir vatnslögn og rafmagn en það komst á síðla árs 2004. Nú er þarna geymslupláss fyrir 120 báta, sturtu- og búninga- aðstaða og smá félagsaðstaða ásamt salerni. Þetta er nú sagan í stuttu máli.

Á síðasta fundi Húsnæðisnefndar var eftirfarandi tillaga samþykkt og send til stjórnar félagsins.

Lagfæringar á núverandi aðstöðu

Allflestir eru sáttir við núverandi staðsetningu og sjáum við ekki ástæðu til að flytja okkur um set fyrr en endanleg staðsetning fæst, spurningin er því bara: Hvað eigum við að eyða miklum kröftum og fjármagni í þennan stað? Húsnæðisnefnd var sammála um að gera þetta eins ódýrt og einfalt og mögulegt væri og leggur til að farið verði í eftirfarandi framkvæmdir og vinnuferlið verði nokkurn veginn þetta:

- Sækja um leyfi fyrir tveimur 20 feta gámum, geymslugám og “kæligám” fyrir búninga- og sturtu- og búninga- aðstöðu, mun þar með félagsaðstaðan stækka um 50% og geymslur um 20%.
- Stækka plan til suðurs og austur og grjótvjerja.
- Standsetja tækjageymsluna og færa allan búnað klúbbsins þar inn.
- Kaupa tvo gáma og setja þá niður. Kæligámurinn fer niður næst við sturtu- og búninga- aðstöðuna og þarf því að færa geymslu 1 og verður hann setur niður ásamt nýjum geymslu- gámi við hliðina gámnum hans Steina.
- Opna á milli kæligámanna, sá gamli verður áfram nýttur sem sturtu- og búninga- aðstöðu að viðbætti einni sturtu og sem kvennaklefi en nýi gámurinn verður innréttaður með búninga- og sturtu- og búninga- aðstöðu fyrir karla.
- Gámarnir verða allir málaðir að utan.
- Smíðaður verður pallur umhverfis kaffiskúrinn og að lokum lögð mól framan við alla innganga að geymslunum.
- Athugað verður með að setja einhverskonar kefli í hvert geymslu- stæði til að auðvelda þegar bátar eru teknir út og settir inn.
- “Öndunarop” verði sett á geymslurnar.
- Öll smíða- og málningarvinna verður unnin í sjálfböðavinnu.

En hvað með framtíðina ??

Fyrir nokkrum árum stóð til að byggja upp nýja aðstöðu í Nauthólsvík fyrir Siglunes og hugmyndin var að við fengjum aðstöðu þar líka ásamt Brokey, enda yrði núverandi aðstaða lögð niður. Þetta mál hefur verið á ís nú í nokkur ár, en skv. framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra ÍTR er nú búið að setja þetta verk í fjárhagsáætlun ÍTR og framkvæmdasviðs 2008-2010 og stefnt á að klára hönnun á húsinu nú í sumar. Kayakklúbburinn mun verða fenginn til um- sagnar um hönnun og ekki er ólíklegt að margar ábendingar muni koma frá okkur í því máli.

Ég held að Geldinganesssvæðið sem við höfum valið sé það besta sem völ er á í nágrenni við borgina og því ættum við að reisa þar okkar aðalstöðvar; umhverfið sem við rúum í er óspillt og marg- breytilegt, stutt að fara fyrir alla sem á annað borð búa á Höfuð- borgarsvæðinu og góð fjara.

Sótt var um lóð á NA horni Geldinganesss fyrir tveim árum, en Borgarapparatið hefur ekki treyst sér til að úthluta okkur því á meðan lega Sundabrautar hefur ekki verið ákveðin, enda höfðum við sjálf ekki áhuga á að fá slíka braut yfir túnfótinn hjá okkur. Húsnæðis- nefnd ásamt stjórn klúbbsins telur því rétt að biðja róleg þar til botn fæst í þetta skipulag, enda teljum við að gáma- og búninga- aðstöðu á Eiðinu dugi sæmilega með þeim breytingum sem þar eru fyrirhugaðar.

Þetta er semsé staðan í framtíðarplönunum og ekki er hún eins og við helst óskum okkur en því miður virðist ekki margt um fína drætti aðra. [Félagsmenn eru hvattir til að koma með tillögur til stjórnar og húsnæðisnefndar ef þeir hafa einhverjar og allar slíkar eru velkom- nar og verða skoðaðar með opnum huga.](#)



UM KLÚBBINN – Allt sem þig langaði að vita en þorðir ekki að spyrja

Kayakklúbburinn í Reykjavík var stofnaður í febrúar 1981. Í árslok 2006 voru félagsmenn 384 og hafði fjölgað um 40 á árinu. Klúbburinn er með aðstöðu á þremur stöðum í höfuðborginni; í Geldinganesi, í Nauthólsvík og í Laugardalslaug. Heimasíðan - www.kayakklubburinn.is

Þar birtast fréttir og upplýsingar um starf klúbbsins og margborgar sig að fylgjast vel með henni.

Félagsróðrar

Félagar í klúbbnum hittast í Geldinganesi allt árið um kring og halda saman í róður, svokallaðan félagsróður. Að vetri, frá september og fram í maí, er félagsróðurinn á laugar-dögum klukkan 9:30. Á sumrin, frá maí fram í september, er róið á fimmtudagskvöldum klukkan 19:30.

Byrjendur eru velkomnir og í klúbbnum er hópur tengiliða sem er reiðubúinn til að aðstoða byrjendur við að komast af stað.

Nánari upplýsingar um hópinn er að finna á heimasíðunni undir: Klúbburinn – Til nýliða.

Kayakgeymslur

Meðlimir í Kayakklúbbnum hafa aðgang að þremur geymslum; fyrir sjóbáta í Nauthólsvík og Geldinganesi en í skýli við Laugardalslaug fyrir straumbáta.

Umsjónarmaður í Geldinganesi og Nauthólsvík er Páll Gestsson (664-1807) en Haraldur Njálsson (898-1164) hefur umsjón með skýlinu í Laugardal. Geymslugjald í Nauthólsvík og Geldinganesi er 7.000 krónur á ári og einnig er greitt 1.500 króna tryggingargjald fyrir lykla. Húsnæðisnefnd tekur við pöntunum um pláss. Pétur B. Gíslason í Hvammsvík geymir einnig kayaka og rukkar 3.500 krónur fyrir árið (petur@hvammsvik.is).

Félagsgjöld

Einstaklingsgjald er 4.500 krónur á ári.

Fjölskyldugjald er 6.000 krónur (fyrir hjón/pör og börn yngri en 18).

Unglingagjald er 3.000 krónur en samkvæmt ákvörðun stjórnar er unglingagjaldið greitt af klúbbnum og því kostar í raun ekki neitt fyrir börn og unglinga.

Íslandsmeistarakeppni

Hörð keppni er háð um Íslandsmeistaratitla í kayakróðri, bæði í flokki sjóbáta og straumbáta. Keppt er í kvenna- og karlaflokkum. Sá vinnur sem hlýtur flest stig í þremur mótum.

Æfingar í sundlaug

Að vetrarlagi geta kayakmenn æft sig í innlauginni í Laugardal. Veturinn 2006-2007 voru æfingarnar á sunnudögum frá 17-19:30 en sú tímasetning gæti breyst. Fylgist með á heimasíðunni.

Búnaður í eigu klúbbsins

Kayakklúbburinn á nokkra sjó- og straumbáta ásamt tilheyrandi búnaði. Sjóbátarnir eru geymdir í Geldinganesi og eru klúbbfélögum til afnota. Straumbátana má finna í Laugardalslaug.

Ferðir

Klúbburinn stendur reglulega fyrir ferðum á sjó- og straumbátum og eru þær auglýstar í dagskránni og á heimasíðunni. Byrjendur ættu að hafa samband við umsjónarmenn ferða til að að vita hvort ferðirnar henti þeim.

Stjórn Kayakklúbbsins 2008

Formaður: Páll Gestsson, pall@decode.is

Varaformaður: Haraldur Njálsson, haranja@centrum.is

Gjaldkeri: Guðmundur Breiðdal Birgisson, gbb@itn.is

Ritari: Sæþór Ólafsson, saethor@gmail.com

Anna Lára Steingrímisdóttir, annaste@hi.is

Örlygur Steinn Sigurjónsson, orsi@mbl.is

Formenn nefnda

Ferðanefnd: Reynir Tómas Geirsson, reynirg@landspitali.is

Húsnæðisnefnd: Þorsteinn Guðmundsson, kayak@islandia.is

Keppnisnefnd: Rúnar Pálmason, runarp@mbl.is

Ritnefnd: Páll Gestsson, pall@decode.is

Sundlaugarnefnd: Magnús Sigurjónsson, msig@simnet.is

Ungliðanefnd: Anna Lára Steingrímisdóttir, annaste@hi.is




Canon Ixus myndavélar sameina yfirburði í ljósmyndun og glæsilega hönnun. Þær eru búnar flottum og gagnlegum eiginleikum sem hjálpa þér að taka enn betri myndir.

Með flestum Ixus myndavélum eru í boði vatnsheld hulstur sem duga niður á allt að 40 metra dýpi. Þau eru vel hönnuð og tryggja að myndavélin skili ávallt frábærum myndgæðum.

you can
Canon

Smile
**DIGITAL
IXUS**



Á VIT ÆVINTÝRANNA



SPORTBÚÐIN